

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umbeðin umsögn
vegna lagafrumvarps um þjónustu og endurhæfingarstöð sjónskertra
mál 665, þjónusta við börn, endurgreiðslur

Sjónstöð Íslands fagnar mjög framkomnu lagafrumvarpi. Eins og skýrt kemur fram í greinargerð, sem með frumvarpinu fylgir, er hér um mikilvæga réttarbót að ræða fyrir börn sem þurfa á gleraugum að halda og mjög til samræmis við aðra þá þjónustu sem börn njóta eins og varðandi heyrnarskerðingu og tannsjúkdóma.

Óskum eftir koma á framfæri smá lagfæringum á orðalagi til að gera frumvarpið skýrara og koma í veg fyrir hugsanlega mistúlkum.

1. Á bls. 1, 7. grein: Fyrsta málsgrein b-liðar orðist svo:
Sérhvert barn yngra en 18 ára, sem þarf á gleraugum að halda að mati augnlæknis, skal eiga rétt á sjónglerjum án tillits til orsaka. Þá skulu allir....
2. Síðar í sömu grein komi í stað setningarinnar „Hver einstaklingur á ekki rétt á endurgreiðslu vegna sjónglerja oftari en einu sinni á hverju tveggja ára tímabili nema læknisfræðilegar ástæður liggja að baki að mati yfirlæknis stofnunarinnar” komi: *Hver einstaklingur á ekki rétt á endurgreiðslu vegna sjónglerja oftari en einu sinni á ári fram að 8 ára aldri og eftir það ekki oftari en einu sinni á hverju tveggja ára tímabili nema læknisfræðilegar ástæður liggja að baki að mati yfirlæknis stofnunarinnar.*

Þá vill Sjónstöðin stinga upp á smá breytingum á orðalagi í greinargerð með frumvarpinu.

1. Í næst neðstu málgrein á bls. 2 komi *þeirra* í stað „sjónskertra”.
2. Í næst efstu málsgrein á bls. 4 verði fyrsta setningin („Að lokum...”) felld niður enda styðst hún ekki við niðurstöður vísindarannsóknna að því best er vitað.
3. Síðasta málsgrein kaflans „Kostnaður af framkvæmd frumvarpsins” orðist svo: Samkvæmt upplýsingum yfirlæknis Sjónstöðvar Íslands mun viðbótar þjónusta á vegum stofnunarinnar skv. a-lið 2. gr. frumvarpsins *aðeins hafa óverulegan viðbótarkostnað í för með sér eða laun um 1/2 skrifstofumanns.*

Virðingarfyllst,

Guðmundur Viggósson, yfirlæknir
forstöðumaður Sjónstöðvar Íslands